

104 við íbúðarhús prestssetursins innan ákveðins tíma. Með því nú að jeg verð að vera yður
16. sept. ur samdóma um þetta, er Sauðanessprestakalli hjer með veitt 4000 kr. lán úr viðlaga-
sjóði, er ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% af hinni upphaflegu lásupphæð,
4000 kr., eða með 240 kr. alls árlega, og mun láninu verða ávísað til útborgunar úr við-
lagasjóði þegar það er sannað með lögmætri sköðunargjörð, sem mjer sje send, að húsið
sje fullgert.

105 — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um
16. sept. vald til að veita verzlunarleyfi. — Í þóknanlegu brjefi frá 22. júlí þ. á. hafið þjer,
herra amtmaður, skýrt mjer frá, að þjer hafið fellt úr gildi fyrst um sinn ályktun sýslu-
nefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu frá 16. júlí 1881, er felur oddvita hennar að gefa fjórum
Norðmönnum, sem ekki eru nafngreindir, verzlunarleyfi, þremur á Hrísey og einum á
Hjalteyri, og leggið þjer jafnframt þenna bráðabyrgðarúrskurð yðar undir fullnaðarúr-
skurð minn.

Af eptirriti því eptir gjörðabók sýslunefndarinnar, sem fylgdi brjefi yðar, virðist
það ljóst, að menn þeir, er hjer er spurning um, hvorki hafi landsnyttjar nje áhöfn á
jörðu, og með því að jeg verð að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að það
samkvæmt 5. gr. laga 7. nóvbr. 1879 (A 28) sje skilyrði fyrir að öðlast leyfi til sveit-
arverzlunar, að hlutaðeigandi sje búandi og að það sje ekki eins og sýslunefndin virðist
hafa ætlað, nóg til þess, að fullnægja þessu skilyrði, að hlutaðeigandi hafi «hús löguð
til fastrar búsetu árið yfir með dúk og disk og eldstó og íbúð», vil jeg hjer með sam-
kvæmt 37. gr. tilskipunar 4. maí 1872, staðfesta þenna úrskurð yðar.

106 — Brjef landshöfðingja til *stiptysfirvaldanna* um styrk handa barnaskólum. —
16. sept. Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 9. þ. m. samþykkist hjer
með að af fje því, sem veitt er með 12. gr. C 7. fjárlaganna til barnaskóla og alþýðuskóla
fái barnaskólanefndirnar í Stokkseyrar- Vatnsleysustrandar- og Rosmhvalanesshreppum
hver um sig 300 kr. styrk fyrir árið 1881, alls 900 kr. með því skilyrði, að hrepps-
nefndirnar í tjeðum hreppum greiði styrksupphæðir þær, sem þær hafa lofað skólunum.

Þetta er tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
hlutaðeigöndum.

107 — Brjef landshöfðingja til *stiptysfirvaldanna* um sölu á jörðinni Skeggjastöðum.
17. sept. — Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í brjefi frá 15. þ. m. samþykkist hjer með, að
jörðin Skeggjastaðir, sem árið 1866, er sjóður Höskuldsstaðakirkju var afhentur, var tek-
in sem veð eða borgun fyrir 1400 kr. upphæð, sem prestur sá, er frá brauðiuu fór, átti að
svara til, og sem síðar hefir verið veðsett fyrir 600 kr. láni úr landssjóði, til að endur-
byggja kirkjuna fyrir — megi, þar sem kirkjan er enn ekki fullgjörð, og sóknarprestur-
inn er ekki fær um að fullgjöra hana, nema með því að verja til þess miklum hluta
kirkjusjóðsins, seljast fyrir upphæð þá, sem að minnsta kosti samsvarar hinum nefndu
1400 kr., svo að kirkjusjóðurinn ekki skerðist neitt við þetta.

Það er vitaskuld, að ekki má selja jörðina, án þess að fullnægja veðkröfu lands-
sjóðsins; en ekkert mun verða því til fyrirstöðu, að kaupandi taki á sig þessa veðskuld,

og samþykkist hjer með, að skuldin til landssjóðsins verði endurborguð með 50 kr. árlega.

107
17. sept.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtningar fyrir hlutaðeigöndum.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um handrita- og bókasafn Jóns sál. Sigurðssonar.** 108
22. sept.

— Jafnframt því að vísa til brjefs ráðgjafans frá 29. júlí f. á. (stj.tíð. 1880 B. Nr. 126.) viðvíkjandi bóka- og handritasafni Jóns sál. Sigurðssonar, er keypt hefir verið á kostnað landssjóðs, og sem til bráðabirgða hefir verið geymt í kössum á dómkirkju-loptinu, vil jeg, eptir að alþingi hefir verið gefið tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um málið, samkvæmt því, sem segir í ofan nefndu brjefi, hjer með þjónustusamlega skora á stiptsyfirvöldin að hlutast til um, að stjórn stiptisbókasafnsins eða landsbókasafnsins veiti ofan nefndu safni viðtöku svo fljótt sem unnt er. Bókunum er raðað niður í 43 kassa og fylgja hjer með 35 sundurliðaðar skrár yfir þær bækur og handrit, sem voru send hingað með brjefum ráðgjafans frá 3. marz f. á. (9 kassar), 16. apríl s. á. (18 kassar) og 27. maí s. á. (12 kassar) í samtals 39 kössum, svo og einnig 2 sundurliðaðar skrár yfir bækur þær og handrit (í 4 kössum), er getur um í brjefi ráðgjafans frá 6. nóvbr. f. á., sem hjer með fylgir eptirrit eptir; enn fremur fylgir bóaskrá sú, sem getur um í brjefi þessu, svo og sjerstakur böggull innihaldandi handritin Nr. 414, 415 og 416; þá fylgir einnig skrá yfir handrit þau, safninu tilheyrandi, er Árna Magnússonar nefndin og meðlimir hennar, Svend Grundtvig prófessor og Vilhjálmur Finsen hæstarjettarassessor, sem stendur hafa að láni.

Enn fremur fylgir skjalaböggull, sem fundizt hefir í nefndu safni, og var hann sendur mjer með framannefndu ráðgjafabrjefi frá 27. maí f. á.

Sömuleiðis læt jeg fylgja, um leið og jeg vísa til brjefs ráðgjafans frá 3. júlí 1878 (Stj.tíð. 1878 B. Nr. 112) eptirrit það, sem getur um í brjefi þessu afhendingarskjali því fyrir safninu, sem gefið hefir verið út 12. júní 1878, og yfirlýsingu ráðgjafans fyrir Ísland frá sama degi, svo og skrá yfir handritasafn Jóns Árnasonar, sem hjer er, og sem var afhent stiptsbókasafninu 14. júlí 1878, ásamt með skýrslu Jóns Árnasonar dags. 15. jan. 1879 um bindi þau, sem vanta.

Að endingu læt jeg fylgja eptirrit eptir brjefi frá 4. júlí þ. á.; og þar sem Árna Magnússonar nefndin fer fram á það við ráðgjafann fyrir Ísland, að nokkrir extraktseðlar, tilheyrandi skrásetningunni (Registreringen) yfir Árna Magnússonar safnið og snertandi skjalaeptirrit viðvíkjandi Íslandi, og sem að líkindum hafi verið sendir hingað með handritasafni Jóns Sigurðssonar, en sem tilheyri Árna Magnússonar safninu, þar eð skrásetningin hafi heyrt til þeirra starfa, er Jóni Sigurðssyni hafi verið falin sem skrifara tjeðrar nefndar, og hafi hann þar að auki fengið talsverða aukaþóknun fyrir vinnu þessa — verði teknir úr handritasafninu og sendir nefndinni.

Út af þessu vil jeg, samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 9. júlí þ. á., hjer með skora á stiptsyfirvöldin að leggja fyrir forstöðunefnd stiptisbókasafnsins að taka extraktseðla þessa úr hinu umgetna handritasafni, ef þeir kynnu að finnast í því, og senda þá hingað ásamt tjeðu brjefi nefndarinnar frá 4. júlí þ. á. með meðfylgjandi 3 extraktseðlum, sem hjer með sendast til leiðbeiningar.

Fyrir móttöku nefnds bóka- og handritasafns bið jeg mjer senda þóknanlega kvittun stiptisbókasafnsstjórnarinnar.